

# HIÐ SÉRSTAKA SAMBAND ÍSRAELS OG BANDARÍKJANNA

Aron Þór Leifsson

## INNGANGUR

Ísrael er eitt af yngstu ríkjum heims. Það varð sjálfstætt árið 1948 og var hugsað sem gríðastaður og heimaland gyðinga. Strax og ríkið hafði lýst yfir sjálfstæði sínu brutust út átök. Þessi átök eru til staðar enn þann dag í dag. Svæðið er þekkt sem einn helgasti trúarstaður þriggja trúflokka; kristinna, múslima og gyðinga.<sup>1</sup> Það er því ekki skrytið að svæðið hafi verið bitbein í aldaradur. Augu manna bárust að Ísrael eftir sjálfstæði þess. Uppgangur ríkisins og gyðingasamfélaga almennt hefur vakið upp spurningar um hvernig þetta ríki og trúarhópur hefur fest sig í sessi sem eitt af öflugustu samfélögum heimsins. Í þessari ritgerð verður einmitt leitast við að svara þessari spurningu: Hvernig gyðingar og Ísraelar hafa komið sér upp svo gríðarlega öflugu og valdamiklu samfélagi.

Í byrjun ritgerðar verður farið stuttlega yfir helförina gegn gyðingum auk sögu Ísraelsríkis. Þá verður litið á þann fjárhagslega stuðnings sem Ísrael hefur þegið frá Bandaríkjamönnum og tilkomu þessa sérstaka samband milli þjóðanna, ástæður þess og þróun. Einnig verður farið stuttlega yfir þann iðnað sem að samfélag gyðinga hefur komið á með tilvísun til helfararinnar.

## HELFÖRIN

Helförin er atburður sem átti sér stað í Evrópu þar sem Nasistar í Þýskalandi stóðu fyrir slátrun um 6 milljón gyðinga í Seinni Heimstyrjöldinni. Um 9,5 milljónir gyðinga bjuggu í Evrópu á þessum tíma og það segir okkur að um 70% þeirra hafi verið útrýmt. Gyðingar voru þó ekki eini hópurinn til að lenda í ofsóknum því Slóvakum, samkyn-

hneigðum, sígaunum og öðrum hópum var útrýmt með skipulögðum hætti.

Ofsóknir á hendur gyðingum hófust þegar Nasistaflokkurinn komst til valda í Þýskalandi árið 1933. Stefnur flokksins höfðu ávallt litast af miklu gyðingahatri og var formaður flokksins, Adolf Hitler, einstaklega illa við þann kynþátt og kenndi gyðingum og kommúnistunum um tap Þjóðverja í Heimstyrjöldinni fyrir.

Vörur gyðinga voru sniðgengnar í Þýskalandi og búðir þeirra urðu fyrir skemmdarverkum. Þeir voru hraktir frá vinnu sínum í háskólum og úr ríkisstjórninni. Öðrum hópum var einnig mismunað og þann 10. Maí árið 1933 var haldin bókabrenna þar sem rit annarra kynþátta en „hins hvíta“ voru brennd sem og rit andstæðinga flokksins. Meintir andstæðingar Nasistaflokksins og hommar voru þeir fyrst sem sendir voru í fangabúðir Nasista.

Árið 1935 voru lög sett er kennd eru við þýsku borgina Nürnberg. Lögin voru enn eitt skrefið í að auka á misrétti milli kynþattanna. Þau hljóðuðu á þann veg að gyðingar misstu ríkisborgararétt sinn og var þeim bannað að giftast Þjóðverjum. Þeir urðu líkt og „menn án lands“. Sumir tóku til þess ráðs að flytjast um set, t.d. til Bandaríkjanna eða annarra Evrópulanda, en það var þó mjög erfitt að komast frá Þýskalandi.

Kristalnóttin er merkur atburður í sögu Þýskalands og helfararinnar. Dagana 9-10. október árið 1938 gengu menn Nasistaflokksins berserksgang og umturnuðu nær öllum bænahöllum, fyrirtækjum og stofnunum gyðinga. Þúsundum gyðinga var raðað upp, þeir rændir aleigunni og sendir í útrýmingar-búðir. Þó að fréttir af þessum atburði hafi farið víða um heim var enginn sem tók neina sérstaka afstöðu til hans. Hitler leit svo á að þögn jafngilti samþykki við aðgerðir sínar.

Með tilkomu stríðsins voru fangar sem sendir voru í fangabúðirnar annað hvort drepnir eða látnir vinna það erfitt

## YFIRLIT

Inngangur 45  
Helförin 45  
Saga Ísraelsríkis 46  
Fjárhagslegur stuðningur  
Bandaríkjamanna við Ísrael 46  
Hið sérstaka samband Ísraela og  
Bandaríkjamanna 47  
Fórnarlambaiðnaðurinn 48  
Lokaorð 49  
Heimildaskrá 49

<sup>1</sup> Britannica student encyclopedia. *Israel*. (2009)

verk að þeir hlutu bana af. Fólk í fangabúðunum var til margs nýtsamlegt og þeir látnir byggja vegi og voru búðirnar oft staðsettar við verksmiðjur. Aðstöður þeirra voru hrikalegar og létust margir af sjúkdómum og hungri.

Árið 1939 notuðust Nasistar fyrst við gasklefa er þeir hófu kerfisbundin dráp á stofnanavæddum einstaklingum með geðveilur og líkamsfatlanir. Árið 1941 eftir innrás Nasista í Sovétríkin var fjöldi gyðinga orðinn gríðarlegur og var þeim þröngvað í fátækrahverfi þar sem aðstæður voru ömurlegar og sjúkdómar geisluðu. Það var á þessum tímamarki sem foringjar Nasista voru búnir að fá sig fullsadda og var aðgerðaráætlun hrint af stað þar sem að útrýma átti gyðingum í eitt skiptið fyrir öll. Aðgerð sem miðaðist við að flytja alla gyðinga til eyjunnar Madagaskar þótti hins vegar of kostnaðarsöm.

Á Wannsee ráðstefnunni voru línurnar lagðar. Þar komu allir helstu leiðtogar Nasistaflokksins saman að skipuleggja fjöldamorð gyðinga. Stefnan var sú að smala átti öllum gyðingum í útrýmingarbúðir í Austur-Evrópu þar sem að þeir yrðu annað hvort drepnir eða látnir vinna þrælavinnu.

Í fyrstu þrælubúðunum, sem reistar voru í Chelmo in Póllandi, var fórnarlömbum smalað í færanlegan almenningsvagn sem var útbúinn gasklefa. Í öðrum útrýmingarbúðum sem smíðaðar voru ári seinna komust Nasistar að því að hagkvæmasta leiðin til að útrýma þrælunum var með sérútbúnum gasklefum þar sem fórnarlömbunum var smalað þétt inn í lítinn klefa og þeim gefinn vænn skammtur af eitruðu gasi.

Drápin voru einnig framkvæmd af sérsveit Nasista sem ferðaðist á milli og drap fleiri þúsund manns í hverri borg sem þeir komu við í. Talið er að þeim hafi tekist að drepa um 1 milljón gyðinga á meðan helförinni stóð.<sup>2</sup>

## SAGA ÍSRAELSRÍKIS

Saga Ísraelsríkis nær um 3500 ár aftur í tímann og á nafnið á ríkinu ættir sínar að rekja til fyrstu Mósesbókar, þar sem Jakob barðist við engil Guðs og var

<sup>2</sup> Britannica student encyclopedia. *Holocaust*. (2009)

fyrir vikið endurskírður Ísrael.<sup>3</sup> Ísraelsríki hefur lengi verið draumur gyðinga. Gyðingar trú á því að þeir séu hin guðs útvalda þjóð og að Guð hafi gefið þeim landsvæði til yfirráða sem gyðingar nefna oft „hið heilaga land.“ Gegnum aldirnar hafa gyðingar sótt á þetta landsvæði en aldrei náð að koma Ísraelsríki á fót fyrir en um miðja síðustu öld. Landsvæði þetta tilheyrði þó Palestínunöfnum fyrir um hálfri öld síðan.<sup>4</sup>

Við enda 19. aldar kom fram ný stefna sem nefnist Zíonismi. Stefnan snérist um að ná aftur landinu helga þar sem gyðingar bjuggu frá 1200 fyrir Krist til 200 eftir Krist. Theodor Herzl er oft nefndur faðir þessarar trúarstefnu og var hann kosinn fyrsti forseti Heimsfélags Zíonista. Með Zíonismanum kom fram bylgja gyðinga sem námu land í Palestínu sem að taldi allt að 40 þúsund manns. Flestir þessara gyðinga voru flóttamenn frá Sovétríkjunum þar sem mikið gyðingahatur átti sér stað. Landnám gyðinga hélt áfram í bylgjum á 3. og 4. áratug á 20. öldinni og með ofsóknum nasista á hendur gyðinga fjölgaði þeim í Palestínu úr 11% í 30% á árunum 1922-1940. Árið 1939 kynntu Bretar til sögunnar „hvíta plaggið“ sem að takmarkaði innflutning gyðinga til Palestínu í 75 þúsund og einnig landakaup þeirra.<sup>5</sup> Þetta var gert til að sporna við uppreisn Araba árin 1936-39. Arabarnir mótmæltu innflutningi á gyðingum og rúmlega 5000 arabar og 400 gyðingar voru drepnir.<sup>6</sup>

Árið 1947 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna skiptingartilögu Sameinuðu Þjóðanna sem að hljóðaði upp á það að gyðingar fengu 55% af landi Palestínu en Palestínunum 45% af sínu eigin landi. Í tillögunni kom það einnig fram að Jerúsalem yrði alþjóðleg borg sem stjórnað yrði af Sameinuðu Þjóðunum. Forsvarsmáður Gyðinga David Ben-Gurion samþykkti skiptinguna á meðan Arabar neituðu henni. Ísraelsríki var stofnað þann 14.

<sup>3</sup> Britannica student encyclopedia. *Israel*. (2009)

<sup>4</sup> Tessler, Mark, *A history of the Israeli-Palestinian conflict*, bls.7

<sup>5</sup> Britannica student encyclopedia. *Israel*. (2009)

<sup>6</sup> Britannica student encyclopedia. *Palestine*. (2009)

maí 1948 og uppfrá því hafa Ísraelsmenn og Palestínunum barist um yfirráðasvæði.<sup>7</sup>

## FJÁRHAGSLEGUR STUÐNINGUR BANDARÍKJAMANNA VIÐ ÍSRAEL

Bandaríkin eru stærsta heimsveldi sem sögur fara af þó að sú staða þeirra sem ráðandi afl í alþjóðakerfinu spanni ekki langan tíma. Heimsveldið teygir anga sína um allan heim og eru Bandaríkjamenn með bækistöðvar í öllum heimsálfum. Menningarhrif Bandaríkjanna eru gífurleg eins og sést best á hvers kyns afþreyingarefni sem sýnt er í öllum löndum við góðar undirtektir. Alþjóðahagkerfið er einnig knúið áfram af Bandaríkjamönnum auk þess sem hagsveiflur taka af mikli leyti mið af neyslugeði bandarískra neytenda hverju sinni. Loks má þess geta að straumar á alþjóðamörkuðum ráðast af miklu leyti af stýrivöxtum bandaríska seðlabankans.<sup>8</sup>

Sérstakt samband hefur alla tíð verið á milli Ísraela og Bandaríkjamanna. Bandaríkjamenn voru fyrsta þjóðin í heiminum til að viðurkenna Ísrael sem sjálfstætt ríki.<sup>9</sup>

Bandaríkjamenn hafa aðstoðað Ísraela frá árinu 1949 er þeir lánuðu Ísraelum 100 milljón Bandaríkjadollara.<sup>10</sup> Á árunum 1949-65 var meðalaðstoð Bandaríkjamanna andvirði 63 milljón dollara en 95% af aðstoðinni var til efnahagsþróunar og matarhjalpar. Bandaríkjamenn veittu Ísraelum í fyrsta sinn lán til hernaðaraðgerða árið 1959 og á árunum 1966-1970 hækkaði aðstoð Bandaríkjamanna upp í að meðaltali 102 milljónir dollara á árið og á enda þessa tímabils var hernaðaraðstoðin komin í 47% af heildaraðstoðinni.

Frá árinu 1971 til okkar tíma hefur aðstoð Bandaríkjamanna hljóðað upp á yfir 2 milljarða dollara á ári og hefur

<sup>7</sup> Britannica student encyclopedia. *Israel*. (2009)

<sup>8</sup> Örn Arnarson, *Hagstjórn og heimsveldi*, bls 1

<sup>9</sup> Palestine Facts. „Why did the United States immediately recognize the State of Israel?“

<sup>10</sup> Palestine Facts. „What is the history and status of US support of Israel?“

hernaðaraðstoðin verið 66% af heildaraðstoðinni. Árið 1979 var efnahagsstoð til Ísraels mestmegnis hætt en þá tóku beinar fjárveitingar til Ísraels við og árið 1985 varð hernaðaraðstoð stöðvuð í staði beinna fjárveitinga.<sup>11</sup> Samanlögð aðstoð Bandaríkjamanna til Ísraels árið 2007 var komin upp í 100 milljarða dollara sem eru að meðaltali u.þ.b. 3 milljarðar dollarar á ári.<sup>12</sup> Rúmlega einn þriðji af aðstoð Bandaríkjamanna er eyrnamerkur Ísrael.<sup>13</sup>

Ísrael fær einnig góða samninga frá Bandaríkjamönnum. Öll önnur ríki sem Bandaríkjamenn aðstoða fá peningana í fjórum hlutum yfir árið en Ísraelsmenn fá eina greiðslu í byrjun hvers árs. Þannig fá Ísraelsmenn meiri pening í vasann út af vöxtum. Ísrael ólíkt flestum öðrum ríkjum þurfa ekki að eyða öllum peningunum af hernaðaraðstoðinni í Bandaríkjunum heldur fá þeir að nota 25% af hernaðaraðstoðinni í að styrkja sinn eigin varnariðnað. Ísrael er jafnframt eina ríkið sem Bandaríkjamenn aðstoða sem þarf ekki að gera grein á því í hvernig aðstoðinni er eytt.<sup>14</sup> Einkafjárveitingar Bandaríkjamanna til Ísraels nema einnig allt að 1,5 milljörðum dollara á ári.<sup>15</sup>

Aðstoð Bandaríkjamanna til Ísraels er frekar mikil þegar að tekið er tillit til þess að Ísrael er 16 ríkasta land í heiminum og ríkisaðstoð Bandaríkjamanna til Ísraels er meiri en til hins almenna bandaríska borgara. Ísrael er einnig með hærri verga þjóðarframleiðslu en Egyptaland, Líbanon, Síryland, Jórdanía, Vesturbakkinn og Gazasvæðið til samans.<sup>16</sup>

Það geta fáið neitað því að Bandaríkin og Ísrael búi yfir „sérstöku sambandi“ eins og Jimmy Carter lét hafa eftir sér í viðtali árið 1977 og Yitzhak Rabin árið 1992. Á Allsherjarþingi Sameinuðu Þjóðanna voru Ísraelar sammála Bandaríkjunum um 95% málanna sem

<sup>11</sup> Sharp, Jeremy M. *U.S. aid to Israel*, bls. 14-16

<sup>12</sup> Sharp, Jeremy M. *U.S. aid to Israel*, bls. 18

<sup>13</sup> Palestine Monitor, *U.S. Aid to Israel*.

<sup>14</sup> Mearsheimer John J. og Stephen M. Walt, *The Israel lobby and U.S. foreign policy*

<sup>15</sup> Palestine Monitor, *U.S. Aid to Israel*.

<sup>16</sup> Zunes, Stephen. *The Strategic Functions of U.S. Aid to Israel*

þar var tekið fyrir. Svo dæmi sé tekið er það 16% meira en Bretar gerðu og 50% meira en Kúveit sem var mest sammála Bandaríkjunum af Araba þjóðunum. Frá árinu 1982 hafa Bandaríkjamenn veitt Ísraelsmönnum mikinn diplómátskan stuðning og hafa notað neitunarvald sitt í Öryggisráðinu 33 sinnum í hag Ísraelsríkis sem er meira en samanlagt neitunarvald alla annarra þjóða í öryggisráðinu.<sup>17</sup>

## HIÐ SÉRSTAKA SAMBAND ÍSRAELA OG BANDARÍKJAMANNA

Einn helsti bandamaður Bandaríkjanna er Ísraelsríki og hafa stjórnir Bandaríkjanna veitt gifurlegum fjármunum til stuðnings ríkinu. Þrátt fyrir lítinn fjölda gyðinga í Bandaríkjunum eru þeir taldir mjög áhrifamiklir og er oft talað um „The Israel lobby“ eða hagsmunasamtök Ísraelsmanna. Í ritgerð Stephen M. Walt og John J. Mearsheimer „The Israel Lobby“ eru gerð góð skil á ísraelsku hagsmunasamtökunum í Bandaríkjunum.

Þeir nota „hugtakið „hagsmunasamtök“ yfir lauslegt samband einstaklinga og stofnana sem að hjálpa til með að móta bandaríska utanríkisstefnuna í ísraelska átt“. Notkun á hugtakinu á ekki að gefa til kynna að hagsmunasamtökin séu sameinuð hreyfing manna með miðstjórn eða að einstaklinga innan hópsins greini ekki á. Hagsmunasamtökin eru ekki samsæri og aðgerðir þeirra eru í meginhlutum í samræmi við hagsmunasamtakahefðina sem hefur lengi stjórnað Amerísku stjórnmalalífi. Kjarni hagsmunasamtakana samanstendur af gyðingum sem reyna af mesta megni að beygja bandaríska utanríkisstefnu til hagsbóta fyrir Ísrael. Aðgerðir þeirra fara útfyrir það að velja frambjóðanda sem að lætur sér kært um Ísrael og skrifar bréf, gefur peninga og styður ísraelsk samtök. Orðið „hagsmunasamtök“ tekur samt ekki til allra gyðinga. Fyrir mörgum þeirra er Ísrael ekki aðalmarkmiðið og margir styðja ekki afstöðu hagsmunasamtakana. Í könnun sem gerð var árið

<sup>17</sup> Bard, Mitchell G. og Daniel Pipes, *How Special is the U.S.-Israel Relationship?*

2004 kom fram að rúmlega 36% bandarískra gyðinga voru „ekki mikið“ eða „alls ekki“ tengdir Ísrael tilfinningaböndum. Jafnframt eru margir hópar sem að vinna fyrir hönd Ísraelsmanna, eins og t.d. kristnir Zíonistar ekki gyðingar.<sup>18</sup>

Mikill meirihluti Bandaríkjamanna finnur til samúðar með Ísraelsmönnum þar sem þeir sjá Ísrael ekki eins og hverja aðra þjóð heldur hluta af arfleidd kristinna manna og gyðinga.

Kristnir Zíonistar eru gott dæmi hóps strangtrúaðra kristinna manna í Bandaríkjunum sem að berjast fyrir Ísraelsríki.<sup>19</sup> Ástæða þessa sérstaka sambands er einmitt trúin. Hlutfall kristinna manna í Bandaríkjunum er 76%, þar af 52% kaþólikkatrúar og 24% mótmælendatrúar. Af rúmlega 298 milljónum íbúa eru rúm 1% gyðingatrúar.<sup>20</sup>

Fyrirverandi forsetar Bandaríkjanna þeir Jimmy Carter og George W. Bush hafa verið gagnrýndir fyrir að blanda saman trúarmálum við stjórnmalastefnur sínar. Carter og Bush eru báðir evangelístrúar sem er oftast talið til íhaldssamrar mótmælendatrúar.

Nærri þriðjungur evangelista eru Darbístar, en það er róttæk stefna kristinna manna sem aðhyllast kenningar John Darbys. Hann var breskur prestur sem varð að evangelískum predikara. Hann kom til Bandaríkjanna árið 1862 með nýja róttæka heimsslitafræði. Darby og presturinn Cyurs Scofield, sem átti að eftir að útvíkka Evangelíska trú í hinni áhrifamiklu Scofield Reference Bible, skiptu sambandi Guðs við manninn í sjö aldir. Sýn þeirra var þvert á aðra spádóma. Langt frá því að allt yrði betra þá myndi ástandið á jörðinni versna til muna þar til að andstæðingur Krists, betur þekktur sem skrímslið, myndi vakna. Sjö ára helvíti myndi byrja þar sem aðeins lítill hluti mannkynsins muni lifa af. Kristur myndi loks koma eftir þetta og sigra andstæðing. Mikið af ritningarkenningum Darby var tilkomið af fyrri spámönnum. Hans eftirtekta-

<sup>18</sup> Mearsheimer John J. og Stephen M. Walt, *The Israel lobby and U.S. foreign policy*

<sup>19</sup> C.I.A.-The World Factbook, *United States*

<sup>20</sup> C.I.A.-The World Factbook, *United States*

verðasta nýbreytni var sú tímasetning á hugtaki sem hann kallaði „fögnuðurinn“, sem er sótt í spá Páls postula en hann gerði ráð fyrir því að þeir sem trú á Krist myndu fara að hitta hann á himnum. Flestir fræðimenn túlkuðu þetta sem hluta af endurkomunni fyrir dómisdag. Darby endurstaðsetti endurkomuna á upphafsdag dómisdags þar sem eitt lítið atvik myndi valda hrikalegum afleiðingum. Þá myndu þeir trúuðu komast af en afgangurinn myndi þurrkast út. Darby atti semsagt Kristinni trú gegn afganginum af heiminum saman.<sup>21</sup>

Ísraelsmenn verða að ná landi sínu aftur til að kenning Darby gangi upp. Þess vegna voru margir mjög ánægðir þegar að Ísraelar náðu hinni helgu Jerúsalem á sitt vald árið 1967.

Stuðningur Bandaríkjanna við Ísrael virðist vera gríðarlegur þegar lítið er á kannanir. Gallup framkvæmdi eina á dögum og kom í ljós að um 60% Bandaríkjanna höfðu meiri samúð með Ísrael heldur en Palestínunönnum. Aðeins 20% eða fimmti hver Bandaríkjamaður studdi Palestínu.<sup>22</sup>

En stuðningur Bandaríkjanna við Ísrael á sér dýpri rætur. Á Kaldastríðsárunum (1947-1991) var Ísrael mikilvægur hlekkur Bandaríkjanna í baráttunni við kommúnismann og gegndi mikilvægu hlutverki í Mið-Austurlöndum. Ísrael ætlaði fyrst að vera á milli risanna tveggja Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og halda sátt við bæði löndin. Ástæðan var sú að löndin bjuggu yfir gríðarlegum auðævum. Um 2 milljónir gyðinga bjuggu í Rússlandi og Austur-Evrópu og í Bandaríkjunum var sterk samfélag gyðinga sem gat haldið Ísrael gangandi.

Árið 1948 gaf Rússland Tékkóslóvakíu leyfi til að flytja vopn til Ísraelsmanna og á árunum 1948-1949 var Tékkaslóvakía stærsti innflutningsaðili vopna til Ísrael. Bandaríkin, Bretar og Frakkar höfðu gert með sér samkomulag um að þjóðirnar myndu ekki flytja inn vopn til Mið-Austurlanda þar sem það myndi vald vopnapphlaupi. Frakkar brutu þennan sáttmála og á meðan á algerísku uppreisninni stóð útveguðu þeir

Ísraelsmönnum herpotur, skriðdreka og stórkotalið.

Í upphafi sjöunda tóku síðan Bandaríkjamaenn við. Hámark vígbúnaðarstefnu þeirra náði svo hámarki árið 1982 þegar að Ronald Reagan þáverandi forseti Bandaríkjanna sagði að ríkisstjórn hans myndi viðhalda hernaðarmætti Ísraels yfir allar þjóðir í Mið-Austurlöndunum.<sup>23</sup>

Eftir Kaldastríðið og sérstaklega eftir árásirnar á Tvíbúraturnana hafa Bandaríkjamaenn réttlætt stuðning sinn við Ísraelsmenn á þeim forsendum að báðum ríkjunum sé ógnað af hryðjuverkum. Þannig réttlæta þeir aðgerðir Ísraelsmanna á móti palestínskum og libönskum hryðjuverkahópum á borð við Palestinian Liberal Organization og Hezbollah. Bandaríska ríkisstjórnin telur alla þá sem eru óvinir Ísraels óvini Bandaríkjanna og þess vegna sé Ísrael mikilvægur bandamaður í stríðinu gegn hryðjuverkum.<sup>24</sup>

## FÓRNARLAMBA- IÐNAÐURINN

Ástæður tengsla Bandaríkjanna og Ísraels og hagsmunasamtaka gyðinga í Bandaríkjunum eru þó ekki einungis trúarlegs né hervaldslegs eðlis. Það væri nærri lagi að benda á hina miklu samúð sem Bandaríkjamaenn fundu með gyðingum eftir Seinni-Heimstyrjöldina. Eftir að milljónum gyðinga hafði verið slátrað án þess að neitt ríki hafi skorist í leikinn þar til það varð um seinan. Þeir hafa tekið Ísrael sem dæmi um áherslur þeirra í utanríkismálum þar sem þeir vilja ekki að slíkir atburðir líti dagsins ljós og réttlæta afskipti sín af öðrum ríkjum og hernaðaraðgerðir með þessum hætti.

Norman G. Finkelstein ritaði athyglisverða og umdeilda bók *The Holocaust Industry: Reflection on the Exploitation of Jewish Suffering* árið 2000 þar sem hann gagnrýnir hagsmunasamtök gyðinga og zionista fyrir að notfæra sér misfarir gyðinga til að komast yfir mikil auðævi. Hann

<sup>23</sup> Neff, Donald, *Middle East History: It Happened in January: Israel Seeks Neutrality Between U.S., Soviet Union*

<sup>24</sup> Mearsheimer John J. og Stephen M. Walt, *The Israel lobby and U.S. foreign policy*

gagnrýnir einnig fræðimenn, á borð við Eli Weisel, sem hafa gert of mikið úr helförinni, sett hana á háan stall og farið frjállega með heimildir.<sup>25</sup>

Finkelstein hefur þurft að þola mikla gagnrýni frá gyðingasamfélaginu eftir útkomu bókarinnar. Dagblaðið *New York Times* réðst hart að honum og kallaði bókina „hugmyndafræði brjálæðings“ og sakaði Finkelstein um andgyðingshátt. Þessi gagnrýni átti þó engan rétt á sér þar sem að aðeins var ráðist að persónu höfundarins í stað efnislegru þátta bókarinnar.<sup>26</sup>

Í bók sinni tekur Finkelstein dæmi um misnotkun hagsmunasamtaka gyðinga þegar samtökin krefja svissneska og þýska banka um skaðabætur vegna helfararinnar. Þar nefnir Finkelstein að tala eftirlifandi fórnarlamba helfararinnar sé um 100 þúsund manns og þeir sem séu á lífi árið 2000 (þegar bókin kom út) séu um fjórðungur þessarar tölu. Samt sem áður töldu margfalt fleiri sig vera eftirlifendur helfararinnar. Ekki vegna misreikninga heldur aðallega vegna efnislegrar ástæðu.<sup>27</sup> Skrifstofa forsætisráðherra Ísraels gaf nú nýlega upp tölu eftirlifenda helfararinnar og var talan þá komin upp í 1 milljón.<sup>28</sup> Eftirstriðsstjórn Þýskalands útvegaði skaðabætur til þeirra gyðinga sem höfðu átt aðsetur annaðhvort í fátækrahverfum eða í fangabúðunum. Það varð svo til þess að margir gyðingar skálduðu upp sögu sína til að öðlast þessar bætur.<sup>29</sup>

Hópur gyðingasamtaka stóð svo að kröfum um endurgreiðslu þýska ríkisins til gyðinga sem nam um 10 milljónum Bandaríkjadollara.<sup>30</sup> Samtökin lofuðu að peningarnir myndu skila sér sem aðstoð til allra gyðinga sem höfðu orðið fyrir barðinu á Nasistum. Samtökin stóðu þó ekki lengi við þetta loford heldur notuðu þau peningana til að byggja upp samfélag gyðinga og hlutu rabbinar og útvaldir leiðtogar stórar

<sup>25</sup> Green, David, *The Holocaust Industry Comes to the University of Illinois*

<sup>26</sup> Gordon, Neve, *Cloud after Auschwitz*, bls. 1

<sup>27</sup> Finkelstein, Norman G, *The Holocaust Industry*, bls 81

<sup>28</sup> Finkelstein, Norman G, *The Holocaust Industry*, bls. 83

<sup>29</sup> Finkelstein, Norman G, *The Holocaust Industry*, bls. 81

<sup>30</sup> Finkelstein, Norman G, *The Holocaust Industry* bls. 85

<sup>21</sup> Bierna, David Van, *The end: How it got that way*

<sup>22</sup> Saad, Lydia, *Americans' Support for Israel Unchanged Since Gaza Conflict*.

fjárhæðir.<sup>31</sup> Eitt besta dæmið um fórnarlambaiðnaðinn er þegar gyðingasamtökin réðust að Sviss og kröfðust eigna gyðinga frá því í seinniheimstyrjöldinni. Kröfðust samtökin milljarða dollara. Sagan segir að blaðamaður hafa vitnað í þessa tölu úr grein sem hann hafði seinna viðurkennt að hafa misskilið.<sup>32</sup> Svissnesku bankarnir fundu þó aðeins 775 færslur upp á 32 milljón dollara.<sup>33</sup> Beittir þrýstingi ákváðu Svissnesku bankarnir þó að stofna 250 milljóna dollara sjóð fyrir fórnarlömb heljararinnar. Gyðingasamtökin WJC sem stóðu að kröfunum nú voru samt ekki á þeim buxunum að gefa eftir. Með því að notfæra sér háttsetta Bandaríkjamenn náðu samtökin að knésetja Sviss og borguðu bankarnir þeim 1,25 milljón dollara.<sup>34</sup>

## LOKAORÐ

Megintilgangur greinarinnar var að komast að því hvers vegna Ísraelsríki og gyðingasamfélagið hafa komið sér upp jafn valdamiklu og öflugu samfélagi eins og raunin er. Það er hægt að skipta þessum ástæðum niður í tvo flokka. Í fyrsta lagi þá er fjárhagslegur stuðningur Bandaríkjanna við Ísrael gífurlegur og hlýtur Ísrael þriðjung af aðstoð Bandaríkjanna við önnur lönd. Ríkið er það 16. ríkasta í heimi. Í annan stað er pólitískur stuðningur Bandaríkjanna við Ísrael gríðarlega mikill og hafa þeir beitt neitunarvaldi sínu 33 sinnum í Öryggisráðinu, meira en samanlögð notkun neitunarvalds allra hinna ríkjanna. Spurningin hlýtur einnig að liggja í því hvers vegna stuðningur Bandaríkjanna hefur verið svo mikill. Svárið liggur í fyrsta lagi í því að Bandaríkjastjórn hefur ávallt litið á Ísrael sem hernaðarlega mikilvægt ríki þar sem það er staðsett í Mið-Austurlöndum, svæði þar sem mikill ófriður hefur verið gegnum áratugina og Ísrael óspart notað til þess að skapa

stöðugleika á svæðinu með hernaðarógn sinni. Þetta útspil virðist þó ekki hafa gengið nægilega vel upp. Í annan stað þá virðist bandarískur almenningur bera mikla samúð gagnvart gyðingum og Ísraelsmönnum. Ástæða þessarar miklu samúðar er annars vegar trúarlegs eðlis og hins vegar sektarkennd almennings Bandaríkjanna út af aðgerðarleysi ríkisins og annarra landa á tímum heljararinnar. Samtök gyðinga hafa einnig verið dugleg að ýta undir þessa samúð. Samtökin eru gríðarlega valdamikil og virðast viðhafa mikla gróðastarfsemi þar sem þau hafa „kúgað“ vænar fúlgur fjár undan ríkustu þjóðum heims og nýtt sér þann gróða sinn frekar til framdráttar eiginhagsmuna heldur en sem aðstoð fyrir fórnarlömb heljararinnar. Í stuttu máli sagt, þá hafa samtök gyðinga notað sér helförina til framdráttar.

## HEIMILDASKRÁ

Bard, Mitchell G. og Daniel Pipes, „How Special is the U.S.-Israel Relationship?“, *Middle East Quarterly*, Júní 1997 <http://www.danielpipes.org/article/282> (sótt 1.12.06)

Biema, David Van. „The end: How it got that way“, *Time*, júlí 2002. (sótt 02.04.09)

C.I.A.-The World Factbook. „United States.“ (sótt 31.03.09)

Finkelstein G. Norman. *The Holocaust Industry: Reflections on the Exploitation of the Jewish Suffering*. London, New York. Verso, 2000.

Gordon, Neve. „Cloud after Auschwitz.“ *The Nation*, Október 2000. (sótt 03.04.09)

Green, David. „The Holocaust Industry Comes to the University of Illinois.“ *The Counterpunch*, mars 2005.

Holocaust. (2009). *Britannica Student Encyclopedia*. Sótt þann 23.mars 2009.

Israel. (2009). *Britannica Student Encyclopedia*. Sótt þann 23.mars 2009.

Lou, Michael. „Doomsday: The Latest Word if Not The Last.“ *New York Times*, október 2005 (sótt 02.04.09)

Mearsheimer, John J. og Stephen M. Walt. „The Israel Lobby And U.S. Foreign Policy.“ *Middle East Policy*, vor 2006. (sótt 30.03.09)

Neff, Donald. „Middle East History: It Happened in January: Israel Seeks Neutrality Between U.S., Soviet Union.“ *The Washington Report on Middle East Affairs*, febrúar 1995. (sótt 03.04.09)

Palestine. (2009). *Britannica Student Encyclopedia*. Sótt þann 23.mars 2009, Palestine Facts. „Why did the United States immediately recognize the State of Israel?“ [http://www.palestinefacts.org/pf\\_independence\\_recognition\\_us.php](http://www.palestinefacts.org/pf_independence_recognition_us.php) (sótt 24.03.09)

Palestine Facts. „What is the history and status of US support of Israel?“ [http://www.palestinefacts.org/pf\\_1991to\\_now\\_israel\\_us\\_support.php](http://www.palestinefacts.org/pf_1991to_now_israel_us_support.php) (sótt 24.03.09)

Palestine Monitor. „U.S. Aid to Israel.“ (sótt 30.03.09)

Saad, Lydia. „Americans' Support for Israel Unchanged Since Gaza Conflict.“ *Gallup*, 3. mars 2009. <http://www.gallup.com/poll/116308/Americans-Support-Israel-Unchanged-Gaza-Conflict.aspx#1> (sótt 02.04.09)

Sharp, Jeremy M. (Uppfært 2. Jan 2008). CRS report to Congress: U.S. foreign aid to Israel. <http://www.fas.org/sgp/crs/mideast/RL33222.pdf> (sótt 25.03.09)

Tessler, Mark. *A history of the Israeli-Palestinian conflict*. Bloomington and Indianapolis: Indiana University Press, 1994.

Zunes, Stephen. „The Strategic Functions of U.S. Aid to Israel.“ *Middle East Policy*, okt 1996. (sótt 31.03.09)

Örn Arnarson. (2005). Hagstjórn og heimsveldi. *Íslenska leiðin*, 42-43

<sup>31</sup> Finkelstein, Norman G, *The Holocaust Industry*, bls. 86

<sup>32</sup> Finkelstein, Norman G, *The Holocaust Industry*, bls. 89

<sup>33</sup> Finkelstein, Norman G, *The Holocaust Industry* bls. 90

<sup>34</sup> Finkelstein, Norman G, *The Holocaust Industry*, bls. 103